

Nd.

205. Frumvarp til laga

[93. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Fyrir „allt að 3 millj. kr.“ í 9. gr. laganna komi: allt að 5½ millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum frá 12. jan. 1945 var svo fyrir mælt, að ríkið legði fram helming af kostnaðarverði véla þeirra og verkfæra, er verkfæranefnd ríkisins teldi væntanlegum ræktunarsamböndum þörf á vegna ræktunarframkvæmda samkvæmt lögnum. Framlag þetta skyldi greitt úr framkvæmdasjóði ríkisins, er stofnaður hafði verið með lögum nr. 55 frá 1942. Samkvæmt áætlun, er var gerð í sambandi við samningu laganna 1944—45 um hinn væntanlega vélakost sambandanna, var talið, að um 6 milljónir mundu duga til að fullnægja þeirri þörf. Var því framlag ríkisins úr framkvæmdasjóði bundið við 3 millj. króna.

Nú er það sýnilegt, að hin upphaflega áætlun um stofnkostnað við öflun ræktunarvélanna muni ekki standast. Ekki er það samt svo, að vélafjöldinn færi mjög fram úr áætlun, heldur hitt, að við reynsluna hafa samböndin mjög hallazt að kaup-

um á hinum stærri og dýrari vélum fram yfir það, sem upphaflega hafði verið ætlað, og svo hitt, að verð hefur farið mjög hækkandi hin síðari ár og hækkar enn, m. a. vegna gengisbreytinga þeirra, sem urðu síðastliðið haust.

Síðastliðið haust fól verkfæranefnd ríkisins þeim Pálma Einarssyni landnámsstjóra og Sigurði Kristjánssyni framkvæmdastjóra vélasjóðs að endurskoða stofn-
kostnaðaráætlunina samkv. hinum breyttu viðhorfum og reynslu þeirri, sem fengin er.

Fer hér á eftir bréf Pálma Einarssonar til flutningsmanns um mál þetta.

„Reykjavík, 6. jan. 1950.

Þar sem allflest hreppabúnaðarfélag í landinu hafa nú gerzt aðilar að starfandi ræktunarsamböndum, hefur verið gerð athugun á því, hvern vélakost og jarðvinnslutæki þessi ræktunarsambönd þurfa, og er að miklu leyti miðað við þá upphaflegu áætlun, er verkfæranefnd gerði um þetta, en nokkrar breytingar hafa orðið um stærð véla og verkfæra, sem flestar hafa farið í þá átt, að fjölgað hefur 35—40 hestafla vélum, en færri teknar af 30 hestafla vélum og minni gerðum.

Samkvæmt spjaldskráum vélasjóðs um jarðvinnslutæki ræktunarsambanda, sem búið er að styrkja, þá kemur í ljós, að af samþykktum vélakosti, sem kemur undir ákvæði laganna um ræktunarsamþykktir, að því er tekur til framlags úr framkvæmdasjóði, má gera ráð fyrir, að eftir sé að veita úr framkvæmdasjóði styrk á 55 beltisdráttarvélar með tilheyrandi verkfærakosti og 11 skurðgröfur, sem eru og vænta má að verði eign ræktunarsambanda.

Sé miðað við núverandi söluverð þessara véla, verður sundurliðað verð þeirra miðað við stærðir sem hér segir, og eru þá reiknuð með í verðinu þau verkfæri til jarðvinnslu, sem hverri vél þurfa að fylgja.

12 stk. 30 hestafla vélar með verkfærum	kr. 780 000.00
18 — 35—50 hestafla vélar með verkfærum	— 1 620 000.00
7 — yfir 50 hestafla vélar með verkfærum	— 750 000.00
18 — aðrar stærðir véla með verkfærum	— 442 000.00
	Samtals kr. 3 592 000.00
11 — skurðgröfur 55—65 hestafla	— 1 276 000.00

	Alls kr. 4 868 000.00

Framlag framkvæmdasjóðs til þessara vélakaupa næmi samkvæmt lögum 2.434 þúsund krónum.

Hér er ekki að ræða um neina verulega aukningu á vélakosti frá því, sem upprunalega var áætlað, þegar stofnframlög ræktunarsambanda voru ákveðin, en nauðsyn á hækkun framlagsins byggist fyrst og fremst á þeirri miklu verðlags-
hækkun, sem verður á þeim vélakosti, sem kom seinni hluta ársins 1949, og að áætla verður allar ókomnar vélar ekki lægra verði. Af hinum tilgreinda vélakosti kom nokkur hluti til landsins á síðasta ári, og á yfirstandandi ári er búið við 24 vélum. Eftir er að greiða ræktunarsamböndum styrk á 5 skurðgröfur, sem þau hafa keypt á síðustu tveimur árum.

Það má því reikna með, að á árinu 1950 komi meiri hluti styrkfjárhæðarinnar til útborgunar, eða rúmlega 1.5 milljónir.

Þetta leyfi ég mér að tjá þér sem niðurstöðu athugana okkar Sigurðar Kristjánssonar, sem gerðar voru samkvæmt ákvörðun síðasta fundar verkfæranefndar ríkisins.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Hr. alþm. Bjarni Ásgeirsson, Reykjavík.“

Nú mun ekki vera eftir í framkvæmdasjóði ríkisins nema um $\frac{1}{2}$ milljón óráðstöfuð til þessara mála, og virðist því óvarlegt að ætla til viðbótar minna en $2\frac{1}{2}$ milljón króna, svo að nokkurn veginn öruggt geti talizt, að ræktunarsambönd þau, sem enn hafa ekki eignast nauðsynlegan vélakost, geti hlotið þann stuðning við öflun hans, er lögin heita þeim.

Í lögum um dýrtíðarráðstafanir, nr. 128 frá 1947, er svo ákveðið í 2. gr., að tekjur þær, sem til kunna að falla samkv. II. kafla laganna (um eignaraukaskatt), skuli skiptast að jöfnu milli framkvæmdasjóðs ríkisins og afla- og hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins. Ekki munu enn þá liggja fyrir upplýsingar um, hve hárrí upphæð heildarskatturinn nemur, en lauslegar áætlanir munu hafa verið um, að hann gæti orðið 10 milljónir króna. En það ætti að koma í ljós einhvern tíma á þessu ári. Ef þessi áætlun stæðist, að 5 millj. króna tilféllu hvorum sjóðnum, væri það um helmingur hinna nýju tekna framkvæmdasjóðs, sem bundnar yrðu til þessara framkvæmda í þarfir ræktunarmálanna.